

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnaeiming ehf Seljavogi 14 Reykjanesbæ



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	18.4.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Efnaeiming ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Seljavogi 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670302-2880	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Bjarnason	ÍSAT nr.	38.22
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram fjögur frávik er varða staðsetningu starfseminnar, tilkynningu um að starfsemi sé hafin að nýju, aðgengi að svæðinu og bundið yfirborðslag.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og skráningar og skiladaga samkvæmt því.

Starfsemi Efnaeimingar ehf. er staðsett að Völuteigi 8 í Mosfellsbæ en starfsleyfi fyrir fyrirtækið er gefið út fyrir Seljavog 14 í Reykjanesbæ því er starfsemin starfsleyfislaus að Völuteigi 8 í Mosfellsbæ. Rekstraraðila er bent á að sækja sem fyrst um breytingu á starfsleyfi vegna breyttrar staðsetningar. Minnt er á að gera þarf frekari breytingar á gögnum sem gerð er krafa um í starfsleyfi s.s. áhættumat og viðbragðsáætlun. Jafnframt þurfa forsendur starfsleyfis að liggja fyrir s.s. samþykkt deiliskipulag og samþykki brunavarnareftirlits.

Í eftirliti sem fór fram 25. maí 2016 var Efnaeiming ehf. ekki í starfsemi og var tækjabúnaður sem notaður til vinnslunnar geymdur í gámum við Völuteig. Í eftirliti þann 18. apríl sl. kom í ljós að rekstur hefur verið hafinn að nýju en skv. 1.6. í starfsleyfi á að tilkynna til Umhverfisstofnunar þegar starfsemi er hafin að nýju ef hún hefur legið lengur niðri en í mánuð eða lengur.

Grænu bókhaldi var skilað í eftirliti og skýrslu rekstraraðila vegna magns móttækinnar spilliefna fyrir árið 2017 hefur einnig verið skilað. Þar kemur fram að alls var tekið á móti 40,74 tonnum spilliefna á árinu 2017. Efnamóttakan hf. hefur séð um akstur efna til og frá rekstraraðila.

Starfsemin var skoðuð en hún fer fram í tveimur gámum, í öðrum gámunum fer eimingin fram en í hinum eru geymd efni til vinnslunnar. Gámarnir eru læstir en til að uppfylla kröfur um takmarkaðan aðgang sem koma fram í starfsleyfi skal svæðið vera afgirt með öryggisgirðingu. Í eftirlitinu kom fram að til stendur að girða svæðið af.

Svæðið þar sem spilliefni eru meðhöndluð þ.m.t geymd skal lagt bundnu yfirborðslagi. Yfirborðslagið á svæðinu getur ekki talist sem bundið yfirborðslag og spilliefni s.s. terpentína ættu greiddan aðgang niður í gegnum yfirborðið.

Undir eimingargámnum er niðurfall sem er leitt í 3500 L söfnunarþró sem er tæmd þegar þörf krefur.

Frávik frá

Gr. 1.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Skv. gr. 1.1. í starfsleyfi er Efnaeiming ehf. með starfsleyfi fyrir starfsemi að Seljavogi 14 í Reykjanesbæ. Rekstraraðili hefur fært starfsemi sína að Völuteigi 8 í Mosfellsbæ þar sem sú staðsetning er ekki skráð í starfsleyfi er rekstraraðili ekki með starfsleyfi á þeim stað.

Gr. 1.6 í starfsleyfi

Skv. gr. 1.6 í starfsleyfi þarf að tilkynna eftirlitsaðila ef starfsemi er hafin að nýju eftir að hafa legið niðri í mánuð eða meira. Rekstraraðili tilkynnti ekki til eftirlitsaðila að starfsami væri hafin að nýju.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal svæðið vera afgirt með öryggisgirðingu en slík girðing var ekki til staðar í eftirliti.

Gr. 3.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 3.1 í starfsleyfi skal svæði þar sem rekstraraðili meðhöndlar, þ. m.t. geymir, spilliefni vera lagt bundnu yfirborðslagi. Yfirborðslagið á athafnasvæði rekstraraðila þar sem spilliefni efni eru geymd er ekki lagt bundnu yfirborðslagi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.05.2018

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir